



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr.

Einleikhúsið Höfðaborg

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 287:

Einleikhúsið Höfðaborg

Það var stofnað árið 1996 í kringum eina leikkonu og einleiki sem hún vildi koma á svið. Síðan hófst samstarf með myndlistamönnum og leikhússlistamönnum sem vildu gera tilraunir með leikhúsið. Einleikhúsið hlaut styrki, tilnefningu til Menningarverðlauna og skapaði sér sess sem framsækið tilraunaleikhús. Leikhúsið hafði á leigu sal í Hafnarhúsinu en rekstri leikhússins lauk þegar farið var að undirbúa flutning Listasafns Reykjavíkur í húsnæðið sumarið 1998. Þetta eru skjöl um allan rekstur leikhússins.

Stærsti hluti safnsins samanstendur af gögnum varðandi einleikinn: *Gefin fyrir drama þessi dama... (og öllum stendur svo nákvæmlega á sama)* eftir Megas. Smásögur, óútgefnar, eftir Megas voru grunnurinn að handritinu.

Í safninu er m.a. nótubók um æfingaferlið, kynningar, plaköt, vinnuhandritið (frumdrög höfundar), aðgöngumiðar, leikdómar og bókhald. Einnig er listi yfir önnur leikrit sem Einleikhúsið hefur sett upp t.d. „*Ég var beðin um að koma...*“ / „Fröken Júlía“ o.fl. Safninu fylgdu einnig stór plaköt, upprúlluð.

(Heimild: gögn í safninu og samtal við Sigrúnu Sól).

Sigrún Sól Ólafsdóttir, kt. 310868-4269, Brekkuhvarfi 12, 203 Kópavogi, færði safninu skjöl varðandi Einleikhúsið, 8. desember 2004.

Sigrún Sól Ólafsdóttir var stofnandi Einleikhússins.

Skjalaskrá

Askja 1

Vinnuhandrit Megasar af *Gefin fyrir drama þessi dama*
Blaðaúrklippur
Aðgöngumiðar og prógrömm
Slidesmyndir í römmum
Rennslisbók og æfingabók

Askja 2

Leikritahandrit
Bréf

Askja 3

Plaggöt vegna sýningarinnar *Gefin fyrir drama þessi dama*
Ávísanahefti

Askja 4

Auglýsingastyrkir
Bókhald 1996-1997
Sýningar – listar og uppgjör
Áætlanir - umsóknir
Boðs- og kynningarbréf

4 stór plaggöt rúllað saman sett í hólk (geymt í T-4 við hillurekka).

Skráð Elín Þórðardóttir